



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netfang: [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## **Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.**

### **5. fundur.**

Haldinn að Hótel Reynihlíð, 19. apríl 2011, kl: 10:00.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

**1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund og óskaði eftir að bæta á dagskránnu deiliskipulagi ofan Birkihrauns.

**2. Drög að samþykktum um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Skútustaðahreppi**

Farið yfir drögin og ýmsar athugasemdir gerðar. Frestað til næsta fundar.

**3. Byggingar í niðurníðslu og leiðir til úrbóta, byggingafulltrúi mætir til fundarins.**

Gaukur Hjartarson mætir til fundarins. Hann fór yfir til hvaða úrræða, lagalega, hægt er að grípa til að koma málum í betri farveg. Hann hins vegar benti á að erfiðlega hefur gengið að framfylgja þessum lagalegu úrræðum. Í nýjum mannvirkjalögum 56. gr. er kveðið á um hvernig með skuli farið auk þess sem 61. gr. byggingareglugerðar tekur á þessu líka. Hann vakti líka athygli á stjórnsýslulögum þar sem gæta verður meðalhófs. Ýmislegt fleira rætt. Nefndin hvetur sveitarstjórn til hófsamra aðgerða gangvart eigendum vanhvirtra bygginga.

**4. Sorphirðumál.**

Stefnt er að opnum fundi um flokkun sorps og sorphirðu í annarri viku af maí. Þá beinir nefndin því til sveitarstjórnar að hugað verði betur að gámasvæðum í þorpinu til bættrar umgengni.

**5. Samgöngumál.**

Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að fela Mývatnsstofu að kortleggja hvernig almenningsamgöngum við Mývatnssveit verði best fyrir komið.

## 6. Erindisbréf.

Frestað til næsta fundar.

## 7. Erindi frá Jóhanni Friðriki Kristjánssyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Jóhann óskar eftir því að svæði sem sýnt er á m.f. kort og tekur m.a. yfir „Sandatún“ verði sett inn á aðalskipulag sem verzlunar og þjónustusvæði. Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu.

## 8. Deiliskipulag ofan Birkihrauns.

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi sem gert var fyrir nokkrum árum síðan en ekki var búið að fullklára. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að ráðinn verði skipulagshöfundur til að gera heildstætt deiliskipulag af öllu leigulandi sveitarfélagsins.

## 9. Önnur mál.

- **Aðalskipulag.**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu skipulagsins. Skipulagshöfundar eru að ljúka við verkáætlun og umhverfisskýrslu sem send verður til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.

- **Umhverfisstefna.**

Verið er að bíða eftir að skipulagshöfundar ljúki við umhverfisskýrslu, sem lögð verður til grundvallar frekari vinnu við umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

- **Hitaveitumál.**

Böðvar Pétursson mætti til fundarins og kynnti drög að nýjum samningi um hitaveitumál, á milli sveitarstjórnar og landeigenda í Vogum. Fram kom hjá Böðvari að fyrirbyggjandi drög hafi ekki verið formlega samþykkt af félagi landeigenda í Vogum. Samningsdrögin eru til yfirlesturs hjá lögfræðingi hreppsins og munu fara til staðfestingar samningsaðila að því loknu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir  
Birgir Steingrímsson  
Karl Emil Sveinsson  
Eyrún Björnsdóttir  
Pétur Snæbjörnsson